

4. mars 2024

22252

Dreifing  
Skipulagsstofnun  
> Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Höfundur  
EBA / HH  
Yfirfarið/Samþykkt  
Marinó Stefánsson

Tilfni

## Matsáætlun: Ofanflóðavarnir á Seyðisfirði

Viðbrögð Múlaþings og FSRE við umsögnum

### 1 Viðbrögð Múlaþings og FSRE við umsögnum

Kynningartími matsáætlunar var frá 6. desember 2023 – 15. janúar 2024. Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögnum frá 7 aðilum og bærust umsagnir frá fjórum þeirra. Tafla 1 gerir grein fyrir umsagnaraðilum og hvort þörf sé á viðbrögðum.

Tafla 1 Yfirlit yfir umsagnaraðila sem sendu inn erindi ásamt þörf á viðbrögðum Múlaþings og FSRE

Umsagnaraðili	Viðbrögð Múlaþings og FSRE
Veðurstofa Íslands	Ekki þörf á viðbrögðum
Múlaþing	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.1
Náttúrufræðistofnun Íslands	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.2
Minjastofnun Íslands	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.3

#### 1.1 Múlaþing

Í umsögn segir:

„Stefnt er að því að sækja um 80.000 m<sup>3</sup> í Skaganámu. Bent er á að kanna vel hvort þær fyrirætlunir rúmist innan núverandi efnistökuheimilda fyrir Skaganámu en verið er að vinna efni úr henni vegna ofanflóðagarða undir Bjólfi“.

**Viðbrögð Múlaþings og FSRE:** Gerð verður grein fyrir hvaða heimildir liggja fyrir um efnistöku úr Skaganámu og tekið til umfjöllunar í umhverfismatskýrslu.

Í umsögn segir:

„Mikilvægt er að fjallað verði um hvernig efni verður flutt úr Skaganámu að framkvæmdasvæði og fundin lausn sem kemur í veg fyrir að það verði flutt í gegnum allan bæinn, t.d. með brúun Fjarðarár við Langatanga og Þórsmörk“.

**Viðbrögð Múlaþings og FSRE:** Í kjölfar umsagnar Múlaþings hefur verið ákveðið að bæta við umhverfismatskýrslu umfjöllun um vegslóða sem liggur frá framkvæmdasvæði að Skaganámu. Bornir verða þannig saman tveir valkostir um efnisflutninga, annarsvegar að farið sé í gegnum bæinn, líkt og fjallað er um í matsáætlun, og hins vegar að efnisflutningar fari um nýjan vegslóða utan byggðar að Skaganámu.

Á mynd 1 hefur leiðin verið teiknuð gróflega upp til að gefa til kynna staðsetningu vegslóðarinnar. Vegslóðinn mun liggja frá framkvæmdasvæði ofanflóðarvarnargarðanna, meðfram skógræktarsvæði að vegslóða sem liggur að Fjarðará þar sem hún verður þveruð, með ræsi, gengt Skaganámu. Nánari upplýsingar um staðsetningu og framkvæmdir við vegagerð og þverun árinna munu koma fram í umhverfismatskýrslu.



Mynd 1 Gróflega áætlun staðsetning á vegslóða frá framkvæmdasvæði að Skaganámu, sem liggur utan byggðarinnar.

Í ljósi þessarar viðbótar verður bætt við umfjöllun um umhverfispáttinn „lífríki í vatni“ í umhverfismatskýrslu. Lagt verður sömuleiðis mat á áhrif vegslóðar á aðra umhverfispætti sem hafa verið tilgreindir í matsáætlun.

Fyrir liggja ítarleg gögn um Fjarðará, lífríki hennar og veiði sem munu liggja til grundvallar matinu. Ekki er áætlað að fara í ítarlegri rannsóknir á grunnástandi umhverfispáttarins. Í umhverfismatskýrslu verða efnistöð mats á áhrifum framkvæmdar á lífríki í vatni á eftirfarandi hátt:

#### Matsspurningar

- Hver eru helstu einkenni vatnasviðs Fjarðarár?
- Hvaða fiskar og botnlífverur finnast í ánni?
- eru tegundir innan athugunarsvæðis sem njóta verndar og/eða teljast sjaldgæfar?
- Hvernig er áin nýtt til veiði?
- Með hvaða hætti kunna framkvæmdir að hafa áhrif á Fjarðará og lífríki hennar?

#### Viðmið

- Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.
- Lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

#### Fyrirliggjandi gögn

- Sigurður Reynir Gíslason, Árni Snorrason, Eydís Salome Eiríksdóttir, Sverrir Óskar Elefsen, Ásgeir Gunnarsson, Peter Torssander og Níels Örn Óskarsson (2000). Efnasamsetning, rennsli og aurburður straumvatna á Austurlandi I. Gagnagrunnur Raunvísindastofnunar og Orkustofnunar, RH-12-2000.
- Þórólfur Antonsson, Jorge H. Fernández og Ingi Rúnar Jónsson (2003). Fiskistofnar áa á Miðausturlandi. Veiðimálastofnun. VMST-R/0319.
- Þórólfur Antonsson og Þorkell Heiðarsson (2001). Seiðabúskapur og uppeldisskilyrði Fjarðarár í Seyðisfirði. Veiðimálastofnun. VMST-R/0117.
- Leó Alexander Guðmundsson, Hlynur Bárðarson, Jón S. Ólafsson og Eydís Salome Eiríksdóttir (2019). Útbreiðsla laxfiska og umhverfispættir vatnsfalla á Austfjörðum. Haf- og vatnarannsóknir. HV 2019-40.
- Guðni Guðbergsson (2016). Lax og silungsveiðin 2015. Veiðimálastofnun, VMST/16026.

Vegslóðinn er háður eftirfarandi leyfum, en nánar eru fjallað um leyfi sem framkvæmdin í heild er háð í umhverfismatskýrslu:

- Leyfi Vegagerðarinnar vegna tengingar vinnuvegar við þjóðvegakerfið samanber 29.gr. Vegalaga nr. 80/2007.
- Leyfi Fiskistofu vegna framkvæmda við veiðivötn, allt að 100 m frá bakka, samanber lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

## 1.2 Náttúrufræðistofnun Íslands

Í umsögn segir:

*„Kanna þarf möguleika á að sporna við útbreiðslu lúpínu innan framkvæmdasvæðisins“.*

*„Æskilegt er að velja innlendar trjátegundir til skógræktar á svæðinu“.*

**Viðbrögð Múlaþings og FSRE:** Í tengslum við vinnslu umhverfismatskýrslu verður sérfræðingur fenginn til að fara um svæðin þar sem fyrirhugað rask verður til að rannsaka gróður. Í því sambandi verður sérstaklega hugað að möguleikum á mótvægisáðgerðum vegna lúpínu og fjallað um í umhverfismatskýrslu.

## 1.3 Minjastofnun Íslands

Í umsögn segir:

*„Minjastofnun Íslands ítrekar að skrá þarf fornleifar á öllum svæðum þar sem jarðrask tengt framkvæmdinni er fyrirhugað. Þar á meðal eru efnistökusvæði og vegagerð svo dæmi sé tekið“.*

**Viðbrögð Múlaþings og FSRE:** Gerð verður grein fyrir staðsetningu og útlínum fornleifa á korti/loftmynd, ásamt útlínum fyrirhugaðra mannvirkja á svæðinu í umhverfismatskýrslu.

Í umsögn segir:

*„Minjastofnun Íslands vekur einnig athygli á því að skrá þarf hús og mannvirki sem falla undir verndarákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012“.*

*„Í matsáætluninni kemur fram að vinna þurfi deiliskipulag vegna framkvæmdanna. Minjastofnun Íslands bendir á að við gerð deiliskipulags þarf skráning fornleifa, húsa og mannvirkja að ná yfir allt deiliskipulagssvæðið“.*

**Viðbrögð Múlaþings og FSRE:** Ekki er reiknað með að þörf sé á húsakönnun þar sem engin hús eða mannvirki eru á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Deiliskipulagið mun ekki ná yfir byggðina.

